

Aðalstjórnarfundur UMFT

21. desember 2009

Mætt fyrir aðalstjórn: Gunnar Þór, Elínborg og Kristjana,
Mættir fyrir deildir félagsins : Sigurður Bjarni Rafnsson, Róbert Óttarsson og Sigurjón Leifsson

Dagskrá:

Kynning Sævar Pétursson
Kynning á starfsmanni fyrir félagið
Íþróttamaður Tindastóls
Önnur mál

1. Gunnar Þór formaður bauð Sævar Pétursson velkominn á fundinn. Gunnar Þór kynnti hugmyndavinnu sem UMFT gæti tekið þátt í með Sveitarfélaginu Skagafirði um framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja sem Sævar myndi vinna að.

Sævar kynnti fyrir fundarmönnum þær hugmyndir að gera úttekt á þörfum fyrir íþróttamannvirki í Skagafirði og koma með tillögur um uppbyggingu þeirra á næstu árum. Í úttektinni yrði horft til þess hvernig núverandi mannvirki sveitarfélagsins nýttust, hvort þörf væri á nýjum mannvirkjum og að auki yrðu rekstrarlegar forsendur metnar.

2. Kynnt var hugsanleg ráðning á starfsmanni fyrir UMFT sem búið er að standa til sem átaksverkefni í samvinnu við Vinnumálastofnun. Fengist hefur styrkur fyrir starfsmann í 100% starf í 3 mánuði og 100% starf í 6 mánuði. Fyrirhugað er að viðkomandi starfsmaður byrji á því að vinna við gerð gæðahandbókar UMFT auk tilfallandi verkefna og síðan taki við vinna við heimasíðu félagsins. Gert hefur verið samkomulag við UMSS að starfsmaðurinn sinni einnig störfum fyrir sambandið sem tekur þá þátt í launakostnaði. Einstaka deildir félagsins geta á sama hátt óskað eftir starfsframlagi frá þessum starfsmanni sem þær greiða þá fyrir. Umræður urðu um tilhögun starfsins og verkefnin. Lýstu flestir fundarmanna ánægju með að hægt yrði að leita til sameiginlegs starfsmanns með ýmis verkefni.
3. Umræður um tilhögun á kosningu Íþróttamanns Tindastóls. Samþykkt var að stefna að því að valið fyrir 2010 verði kynnt í árslok í samstarfi við UMSS.
4. Engin önnur mál tekin fyrir á þessum fundi.

Fleira ekki gert

Kristjana Jónsdóttir, ritari.